

11. stjórnarfundar EBAK 27. febr. 2019

Mættir: Haukur Halldórsson formaður, Halldór Gunnarsson varaformaður, Dóra Steinunn Jónasdóttir gjaldkeri, Margrét Pétursdóttir ritari, Hallgrímur Gíslason, Garðar Lárusson og Birgir Björn Svavarsson.

Fjarverandi: Halldóra Hrönn Höskuldadóttir, Egill Jónsson og Kolbrún Kristjánsdóttir

1. **Fundarsetning.** Formaður setti fund og bauð stjórnarmenn og fulltrúa uppstillingarnefndar velkomna.
2. **Gestir** fundarins voru þau Kolbeinn Sigurbjörnsson, Hugrún Hólmsteinsdóttir, Baldur Þorsteinsson og Arnheiður Kristinsdóttir fulltrúar í uppstillinganefnd félagsins. Kolbeinn gerði grein fyrir tillögum uppstillingarnefndar til aðalfundar 2019 um fólk í stjórn og nefndir EBAK á næsta starfsári (sjá meðfylgjandi lista). Að loknum umræðum og fyrirspurnum um uppstillingalistann og vinnu nefndarinnar var hann samþykktur athugasemdalaust. Haukur og Halldór þökkðu nefndinni fyrir vel unnin störf, gestirnir kvöddu stjórnarmenn og fóru af fundi.
3. **Fundargerð** stjórnar EBAK nr. 10 frá 30. janúar 2019 yfirfarin og samþykkt. Haukur upplýsti að komin væri ný dagsetning á landsfund LEB. Hann verður haldinn 10. og 11. apríl nk.
4. **Skráning** í dagbók í viðveru stjórnarmanna á skrifstofu yfirfarin og rædd. Þann 30. janúar kom enginn til Margrétar. 6. febrúar hringdi einn og Birgir aðstoðaði hann við að sækja um inngöngu í félagið. Þann 13. febrúar var Dóra. Pálmi Stefánsson kom og skoðaði ýmsan gamlan búnað sem tengist m.a. hljóðkerfinu í salnum o.fl. Þetta hefur verið geymt á skrifstofu EBAK undanfarin misseri. Pálmi ætlar að fá Björn Sigmundsson til að fara yfir þessa hluti með sér sem fyrst. 20. febrúar var Hallgrímur. Tveir einstaklingar komu og sögðu sig úr EBAK og einn félagi vantar nýtt skírteini. Auk þess voru nokkrar athugasemdir um netbanka.
5. **Viðvera** á skrifstofu næstu miðvikudaga:
27. febrúar: Haukur; 6. mars: Garðar, 13. mars: Birgir.
6. **Tímasetning** næsta stjórnarfundar EBAK. Tillaga um 13. mars nk. kl. 13 – 15. Samþykkt.
7. **Verkefni** milli stjórnarfunda.
 - a. Heimsókn Atla Rúnars Halldórssonar frá Landssambandi eldri borgara - LEB 9. febr. sl. Halldór, Margrét og Hallgrímur tóku á móti honum í Bugðusíðu. Tilgangur Atla með heimsókninni var að kynna sér tólmstunda- og félagsstarf EBAK og önnur málefni sem félagið vinnur að í þágu eldri borgra á Akureyri. Frétt um heimsóknina er komin inn á fésbókarsíðu EBAK og leb.is.
 - b. Ný samþykkt fyrir öldungaráð Akureyrarbæjar var afgreidd á bæjarstjórnarfundum 19. febr. sl. (sjá lið 8). Öldungaráð bæjarins kom að undirbúningi og gerð samþykktarinnar ásamt bæjarlögmanni.
 - c. Tiltekt á skrifstofu EBAK er að mestu lokið. Um verkið sáu Dóra, Hallgrímur og Halldór.
 - d. Dóra sagði frá því að búið væri að mála setustofuna í Bugðusíðu, setja upp sjónvarpið, kaupa sófa sem hún og Bragi settu saman og gera stofuna að sannkallaðri „Betri stofu“.
 - e. Húsnæðisnefnd EBAK. Birgir nefndi að Kristinn J. Reimarsson hefði haft samband við Hákon formann nefndarinnar og útskýrt að vegna mannaskipta hjá bænum hefur málum seinkað. Haft verður samband við nefndina þegar Hákon kemur heim um 20. mars nk.
 - f. Endurskoðun starfslýsinga nefnda EBAK. Hallgrímur og Halldór eru að vinna að endurskoðun starfslýsinga og er hún langt komin.

- g. Notendaráð félagsmiðstöðvanna vinnur að gerð starfsreglna fyrir ráðið. Egill Jónsson og Hulda Eggertsdóttir fulltrúar EBAK í ráðinu mættu á fund ráðsins, þar sem þetta mál var á dagskrá. Egill sendi stjórninni skýrslu í tölvupósti.
 - h. Ársskýrsla EBAK til LEB 2018 var send 19. febrúar sl. (sjá tölvupóst). Margrét Pétursdóttir, Halldór Gunnarsson og Hallgrímur Gíslason sáu um gerð hennar.
 - i. Viðhald á húsnæði félagsmiðstöðvarinnar í Bugðusíðu. Þann 25. febrúar sl. fór framkvæmdaráð stjórnar (FKR) ásamt Lindu og Dögg í skoðunarferð um húsnæði félagsmiðstöðvarinnar í Bugðusíðu. Listi var gerður yfir nauðsynlegt viðhald. Stjórn félagsins mun ræða við fulltrúa bæjarins um úrbætur. Þá þarf að samræma viðhald og hugsanlegar breytingar á húsnæðinu sem húsnæðisnefnd EBAK vinnur að.
 - j. Stofnun dansklúbbs EBAK 20. febr. sl. (sjá minnisblað). Stofnfélagar eru þátttakendur á tveimur dansnámskeiðum sem félagið stóð fyrir á árinu 2018. Þeir sem voru á dansnámskeiðunum hafa forgang. Dóra Steinunn Jónasdóttir, Halldór Gunnarsson og Hallgrímur Gíslason ásamt mökum tóku að sér umsjón með starfi klúbbsins á vorönn 2019.
8. **Aðalfundur** EBAK 2019. Stjórnin ákvað að seinka aðalfundinum um eina viku frá fyrri áætlun. Hann verður því haldinn 1. apríl nk. kl. 13:30.
- a. Rætt var um undirbúning aðalfundar. Í því skyni voru samþykktir félagsins skoðaðar og minnisblað í möppu stjórnarmanna er varðar undirbúning yfirfarið.
 - b. Rætt var um verkaskiptingu stjórnarmanna vegna undirbúnings. T.d. þurfa auglýsingar að birtast í fjölmiðlum, á heimasíðu félagsins og fésbókarsíðu á réttum tíma. Halldór og Hallgrímur tóku að sér að sjá um auglýsingar og gögn sem lögð verða fram vegna aðalfundarins.
 - c. Skipun fulltrúa í uppstillinganefnd og fulltrúa vegna skoðunar reikninga ársins 2018.
 - d. Tillaga stjórnar um fulltrúa í uppstillinganefnd: Snjólaug Sigurðardóttir og Þorgerður Þorgilsdóttir. Ásgerður Snorradóttir og Baldur Guðvinsson eru tilnefnd áfram sem skoðunarmenn reikninga af stjórn og uppstillinganefnd.
 - e. Ársskýrsla EBAK milli aðalfunda 2018-2019. Haukur og Margrét tóku að sér ritun ársskýrslunnar í samstarfi við aðra stjórnarmenn.
 - f. Ógreidd árgjöld vegna 2018. Málið rætt og ákveðið að ógreidd árgjöld vegna ársins 2018 verði felld niður að þessu sinni. Þá var samþykkt að framvegis verði þeim sem ekki hafa greitt árgjaldið á réttum tíma skrifað bréf og bent á vanskil. Ný félagsskírteini verða framvegis aðeins gefin út á þá sem greitt hafa árgjaldið, en hinir verða teknir af félagaskrá. Sá hópur félagsmanna sem greiðir árgjald félagsins í heimabanka stækkar ört.
 - g. Ársreikningur EBAK fyrir 2018 – verður yfirfarinn og áritaður af stjórn á næsta stjórnarfundi.
 - h. Árgjald félagsins fyrir árið 2020. Árgjaldið er nú kr. 2.500 og hefur verið óbreytt í nokkur ár. Ákvörðun um árgjald frestað til næsta fundar.
9. **Öldungaráð**. Rædd var skipan fulltrúa EBAK í öldungaráð Akureyrarbæjar. Ný lög frá Alþingi sem tóku gildi 1. október 2018 snerta starfsemi öldungaráðs umtalsvert m.a. skipan ráðsins og fjölda fulltrúa. Fulltrúar EBAK í ráðinu þau Sigríður Stefánsdóttir, Valgerður Jónsdóttir og Halldór Gunnarsson sem kosin voru á aðalfundi félagsins 2018 eru tilbúin til að starfa áfram. Samkvæmt nýrri samþykkt fyrir öldungaráð Akureyrarbæjar skal félagið tilnefna þrjá varamenn í ráðið. Fundurinn samþykkti að stjórnin leggi fram á aðalfundi félagsins 1. apríl nk. tillögu um þrjá varamenn til setu í öldungaráði.
10. **Opinn** kynningarfundur stjórnar EBAK og fræðslunefndar. Fyrirhugað var að halda opinn kynningarfund um EBAK og starfsemi félagsins fyrir lok vorannar. Stjórnin ákvað að fresta fundinum til hausts 2019. Fræðslunefnd hefur verið tilkynnt um þessa ákvörðun stjórnar.
11. **Opinn** kynningarfundur. Akureyrarbær í samstarfi við EBAK boðar til fundar um ný þjónustuúrræði á vegum bæjarins þ.e. hjá Heimaþjónustu og Öldrunarheimilum. Fundurinn verður haldinn 11. mars nk. kl. 14-15:30 í Bugðusíðu.
12. **Pálínukaffi** í Bugðusíðu. Umræða fór fram um skipun nefndar o.fl. Málið verður rætt áfram á næsta stjórnarfundi.

13. **Viðhorfskönnun.** Gestur næsta stjórnarfundar, Halldór S. Guðmundsson frá Öldrunarheimilum Akureyrarbæjar mun fjalla almennt um viðhorfskannanir og benda á leiðir til að framkvæma þær. Viðhorfskannanir meðal eldri borgara á Akureyri hafa verið til umræðu á stjórnarfundum og á fundi með fulltrúum bæjarins. Halldór Gunnarsson hefur samband við Halldór Guðmundsson og boðar hann á fundinn.
14. **Viðhald** húsnæðis félagsmiðstöðvarinnar í Bugðusíðu. Farið var stuttlega yfir verkefnalistann sem skráður var á framkvæmdaráðsfundi stjórnar 25. febrúar sl. Framhald málsins bíður.
15. **Önnur mál.**
 - a) Kaup á spilara í tækjaskápinn í salinn í Bugðusíðu er í vinnslu. Pálmi Stefánsson og Halldór Gunnarsson eru með þetta mál.
 - b) Matur frá Matsmiðjunni er dýrari til félagsmiðstöðvarinnar í Bugðusíðu en í Víðilundi. Samþykkt að Haukur og Linda ræði málið við eigendur Matsmiðjunnar.
 - c) Breytingar á skrifstofu EBAK. Stjórnin samþykkti að kaupa nýja borðplötu undir ljósritunarvélina, tölvuna, prentarann og símann. Dóra tók að sér að panta borðplötuna og Bragi Sigurðsson ætlar að koma henni fyrir. Það bætir vinnuástöðuna til muna.
 - d) Á framkvæmdaráðsfundi stjórnar 12. mars sl. kvörtuðu Linda Hrönn og Sunna Dögg undan frágangi í eldhúsi og salnum í Bugðusíðu eftir tiltekna viðburði. Ræða þarf málið við hlutaðeigandi.

Margrét Pétursdóttir ritaði drög að fundargerðinni.

Halldór og Hallgrímur luku ritun fundargerðarinnar vegna fjarveru Margrétar.